

# Fundargerð 866. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 14. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Lilja Einarsdóttir í fjarveru Ásgerðar K. Gylfadóttur.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 865. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 865. fundar stjórnar sambandsins frá 30. nóvember 2018.

*Fundargerðin staðfest og undirrituð.*

### 2. Skólamálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lögð fram fundargerð 116. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 10. desember 2018.

### 3. Starfsáætlun sambandsins 2018 með mati á árangri - 1711013SA

Lögð fram starfsáætlun sambandsins 2018 með mati á árangri.

*Stjórn sambandsins lýsir yfir mikilli ánægju með starfsáætlunina 2018 með mat á árangri og þakkar starfsmönnum sambandsins sérstaklega fyrir vel unnin störf.*

### 4. Starfsáætlun sambandsins 2019 - 1811013SA

Lögð fram til staðfestingar starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2019.

*Framkvæmdastjóri skýrði helstu þætti starfsáætlunarinnar og var hún samþykkt samhljóða.*

### 5. Tillaga að fulltrúum í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA

Tekin upp að nýju tillaga að fulltrúum í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 30. nóvember 2018, en þá var samþykkt að fresta skipan nefndarinnar til næsta stjórnarfundar.

*Í verkefnisstjórn voru skipuð Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu bs., Ína Björk Ársælsdóttir, umhverfisstjóri Húnaþings vestra, Jón Norðfjörð, framkvæmdastjóri Köllu bs., Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri sorphirðu umhverfisdeildar Reykjavíkurborgar, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri*

Sorpurðunar Vesturlands bs. og Freyr Ævarsson, umhverfisfulltrúi á Egilsstöðum. Til vara voru kjörin Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva Sorpu bs., Ralf Trylla, umhverfisstjóri á Ísafirði, Grétar Ingi Erlendsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Ölfusi, Ólafur Snorrason, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar, Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins á Snæfellsnesi og Bryndís Bjarnason, upplýsinga- og umhverfisfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

**6. Drög að reglugerð um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga - 1811024SA**

Lögð fram drög að reglugerð, dags. 28. nóvember 2018, um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga, ásamt umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 10. desember 2018, um reglugerðardrögin.

Samþykkt að tilnefna Aldísi Hafsteinsdóttur, formann sambandsins, og Dag B. Eggertsson, borgarstjóra, í nefnd um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga. Einnig samþykkt að framkvæmdastjóri sambandsins verði staðgengill og aðstoðarmaður fulltrúanna í nefndinni.

**7. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2019-2033 og fimm ára áætlun 2019-2023 - 1810030SA**

Tekin upp að nýju tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2019-2033, ásamt umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 31. október 2018, um áætlunina og tillögu til fimm ára áætlun 2019-2023, 172. og 173. mál, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 30. nóvember 2018, en þá var samþykkt að taka málið aftur upp á fundi stjórnar í desember.

Eftirfarandi bókun var samþykkt með 10 atkvæðum, Bjarni Jónsson sat hjá: Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að framkomnar hugmyndir um verulegt átak við uppbyggingu samgöngumannvirkja næstu ár verði þróaðar áfram. Ljóst er að þessar viðbótarframkvæmdir, umfram þær sem nú þegar eru fyrirhugaðar skv. tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun, þarfnast sérstakrar fjármögnunar með gjaldtöku. Stjórnin leggur áherslu á að vandað verði til verka við útfærslu og kynningu á slíkri gjaldtöku og telur að forsenda fyrir stuðningi sveitarstjórna við málið sé að gætt verði jafnræðis gagnvart öllum þeim sem nýta samgöngumannvirki landsmanna. Stjórn sambandsins lýsir sig reiðubúna til þátttöku í þróun og útfærslu þessarar gjaldtöku.

**8. Skýrsla um almenningssamgöngur á landsbyggðinni - 1810017SA**

Tekin upp að nýju umræða um skýrslu KPMG um almenningssamgöngur á landsbyggðinni - Landshlutasamtök sveitarfélaga, dags. 24. september 2018, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 10. október 2018, en þá var samþykkt að taka málið aftur upp til umræðu á stjórnarfundi.

Lagt fram til kynningar og mun stjórnin fylgjast áfram með þróun samninga Vegagerðarinnar við einstök svæði og leggur áherslu á að gætt verði vel að hagsmunum sveitarfélaga og einstakra svæða. Í þessari vinnu er mikilvægt að horft verði til framtíðar með lausn á rekstri almenningssamganga um landið.

**9. Innleiðing starfsmats á störfum er krefjast háskólamenntunar - 1608003SA**

Lagt fram trúnaðarskjal sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 12. desember 2018, um innleiðingu starfsmats á störfum er krefjast háskólamenntunar.

Stjórn sambandsins veitir heimild til þeirra nauðsynlegu aðgerða sem sviðsstjóri kjarasviðs kynnti.

**10. Fundur formanns og framkvæmdastjóra með dómsmálaráðherra um tvöfalt lögheimili - 1810003SA**

Tekin upp að nýju umræða um fund formanns og framkvæmdastjóra sambandsins með dómsmálaráðherra 31. október 2018 þar sem fundarefnið var umræða um tvöfalt lögheimili sem rætt var innan stjórnar sambandsins í tengslum við þingmannafrumvarp Viðreisnar um sama mál, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 30. nóvember 2018, en þá var samþykkt að taka málið aftur upp til umræðu á næsta stjórnarfundi. Einnig lagt fram vinnuskjal lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins um umsagnir sem bárust um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum.

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir fundi formanns og framkvæmdastjóra sambandsins með dómsmálaráðherra 31. október 2018.

*Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:*

Stjórn Sambands Íslenskra Sveitarfélaga telur jákvætt að unnið er markvisst að foreldrajafnrétti í ráðuneytum og á Alþingi. Með vísan til 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var með lögum nr. 19/2013, á barn rétt til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra og er því mikilvægt að þess sé gætt að barn njóti samvista við báða foreldra að því gefnu að það sé barninu fyrir bestu. Það er því mikilvægt að ríki og sveitarfélög takist í sameiningu á við það verkefni af festu, að jafna stöðu foreldra sem fara með sameiginlega forsjá barna sinna en eru ekki samvistum.

Óháð mögulegum lagabreytingum eiga sveitarfélögin og stofnanir ríkisins möguleika á að jafna aðstöðumun foreldra með því að leysa ýmis kerfislæg tæknileg vandamál og jafna þar með þjónustu við börn sem búa á tveimur heimilum. Lagaákvæði sem heimila tvöfalt lögheimili í þeim tilgangi þarf að kanna frekar, en ef sú leið þykir raunhæfur kostur þarf að framkvæma nákvæmt kostnaðar- og áhrifamat breytinganna áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar. Í þeirri vinnu þarf að tryggja að hugsanlegar lagabreytingar verði ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélögin. Samband Íslenskra Sveitarfélaga lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í vinnu við gerð tillagna, greiningu áhrifa og kostnaðarmat.

**11. Átakshópur í húsnæðismálum - 1812018SA**

Lagðar fram upplýsingar um átakshóp um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði.

Nokkur umræða fór fram um verkefni hópsins og stöðu húsnæðismála almennt.

**12. Grímsnes- og Grafningshreppur - ósk um fjárhagslegan stuðning vegna dómsmáls - 1812017SA**

Lagt fram bréf Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 28. nóvember 2018, þar sem óskað er eftir því að Samband Íslenskra sveitarfélaga taki þátt í kostnaði sveitarfélagsins vegna meðferðar dómsmáls. Um er að ræða ágreining um álagningu fasteignaskatts á sumarbústaði sem nýttir eru fyrir heimagistingu. Einnig lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 12. desember 2018, um beiðni sveitarfélagsins.

*Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga hafnar erindi Grímsnes- og Grafningshrepps.*

**13. Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar o.fl. - framlag í lífeyrissjóði - 1811022SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 29. nóvember 2018, um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar o.fl. (framlag í lífeyrissjóði), 300. mál.

**14. Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu - 1811056SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 29. nóvember 2018, um frumvarp til laga um pósthjónustu, 270. mál.

**15. Umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir - 1704016SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 29. nóvember 2018, um tvö frumvörp í samráðsgátt um breytingar á hollustuháttalögum, annars vegar frumvarp um að draga úr notkun burðarpoka úr plasti og hins vegar frumvarp um stjórnvaldssektir o.fl.

**16. Umsögn um drög að aðgerðaráætlun um að draga úr plastmengun - 1806029SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 3. desember 2018, um drög að aðgerðaráætlun um að draga úr plastmengun.

**17. Umsögn um drög að stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum - 1811036SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 3. desember 2018, um drög að stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum.

**18. Ályktanir 41. þings Hafnasambands Íslands - 1811060SA**

Lagðar fram til kynningar ályktanir 41. þings Hafnasambands Íslands, dags. 26. nóvember 2018, um haf- og strandsvæði, farþegaskip og staðsetningu mannvirkja í og við siglingaleiðir.

**19. Skipulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu - 1706011SA**

Lagt fram til kynningar bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. nóvember 2018, um skipulag atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, ásamt fylgiskjali. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 22. maí 2018, ásamt fylgiskjali.

#### **20. Íbúasamráð í sveitarfélögum - 1810042SA**

Lagt fram til kynningar bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 6. desember 2018, um framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til verkefnis um að efla markvisst íbúasamráð í sveitarfélögum, ásamt beiðni sambandsins, dags. 26. nóvember 2018, um styrk vegna verkefnisins. Anna G. Björnsdóttir gerði grein fyrir verkefninu.

Í lok fundar þakkað Aldís fyrir góðan fund og óskaði stjórnarmönnum og starfsmönnum sambandsins gleðilegra jóla.

Fundi var slitið kl. 14:25

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Eypór Laxdal Arnalds

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Bjarni Jónsson

---

Kristján Þór Magnússon

---

Jón Björn Hákonarson

---

Lilja Einarsdóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari